

Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Í búningsaðstöðu skal miða við a.m.k. 0,5 m² rými fyrir hvern gest. Gestir skulu þvo sér án sundfata áður en þeir ganga til laugar. Í búningsaðstöðu karla geta í stað tveggja salerna komið eitt salerni og tvær þvagskálar. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna og þvagskála. Um salerni og handlaugar gilda að öðru leyti ákvæði byggingarreglugerðar og ákvæði hollustuháttareglugerðar. Í nýju húsnæði eða eftir meiri háttar breytingu á nýtingu húsnæðis skal vera til staðar kynhlutlaus búningsaðstaða. Með meiri háttar breytingum er átt við nýbyggingar, viðbyggingar og meiri háttar breytingar á nýtingu húsnæðis s.s. færslu á afgreiðslu rými, búningsaðstöðu og öðrum sambærilegum rýmum.

Aðgangur skal vera að salerni við sturtur. Við mat á nauðsynlegum fjölda sturta skal miða við það að hver sturta sé notuð af 12 manns á klukkustund en einnig skal horfa til annara álagsþátta s.s. sundkennslu og íþróttamóta. Aldrei skulu þó vera færri en tvær sturtur fyrir konur, tvær fyrir karla. Í kynhlutlausri búningsaðstöðu sbr. 1. mgr. skal vera a.m.k. ein sturta. Í baðaðstöðu skulu gestir hafa aðgang að mildri fljótandi húðsápu og aðstaða skal vera til að sinna ungbörnum á öruggan hátt. Þar skulu einnig vera fyrirmæli um að gestir þvo sér án sundfata áður en gengið er til laugar.

2. gr.

Í stað töluliðar 5 í II. viðauka „Síunarhraði (m/klst.) = Endurnýjun (m³/klst.) / Flatarmál síu (m²).“ komi: „Síunarhraði (m/klst.) = endurnýting / endurnýtingarhraði baðvatnsins (m³/klst.) / Flatarmál síu (m²).“

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. tölul. 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 43. gr. laganna, og öðlast þegar gildi.